



FRÉTTATILKYNNING  
FRÁ  
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

## ÍSLENSKT VIÐSKIPTALÍF Á BRETLANDSEYJUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun ræðu á fundi í Walbrook klúbbnum í Lundúnum. Klúbburinn er í hjarta viðskiptahverfis borgarinnar.

Í ræðu sinni fjallaði forsetinn um íslenskt viðskiptalíf á alþjóðlegum vettvangi og hvaða ástæður lægju að baki hinum einstaka árangri sem íslensk fyrirtæki hafa náð, bæði á Bretlandseyjum og annars staðar í veröldinni. Heiti ræðunnar var: How to succeed in modern business: Lessons from the Icelandic voyage. Ræðuna má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins ([www.forseti.is](http://www.forseti.is)).

Þátttakendur í fundinum voru ýmsir forystumenn úr bresku viðskiptalífi og áhrifafólk í fjölmiðlum.

Annað kvöld eru forsetahjónin heiðursgestir í kvöldverði sem Peter Palumbo lávarður býður til en þar verða meðal gesta forystumenn úr bresku og íslensku viðskiptalífi.

3. maí 2005